

8. október 2018

Tilvísun: 201808006 / 0.1.1

Efni: Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum

Ábendingar um efnisatriði sem ástæða er til að taka til skoðunar við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun hefur ítrekað hvatt umhverfis- og auðlindaráðuneytið til þess undanfarin ár að sett verði af stað vinna við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin fagnar því að nú hafi verið ákveðið að setja af stað slíka vinnu. Stofnunin vísar til ábendinga sem settar hafa verið fram í fyrri samskiptum við ráðuneytið um efnisatriði sem vert er að taka til athugunar í slíkri vinnu. Hér að neðan eru teknar saman nokkrar ábendingar um efnisatriði sem ástæða er til að taka til skoðunar við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, byggt á umræðum sérfræðinga stofnunarinnar.

Markmið

- Yfirfara markmið laganna

Samþætting mats á umhverfisáhrifum framkvæmda (MÁU) og umhverfismats áætlana (UMÁ)

- Í þeim tilgangi að auka skilvirkni, bæta samráð, bæta áhrifamat þ.m.t. mat á ólíkum valkostum
- Getur falið í sér að sameina í eina löggjöf (MÁU, UMÁ og skipulagslög)
- Endurskoða nógildandi ákvæði um sameiginlegt mat

Matsskylduákvæðanir

- Skoða hvort einfalda má ferli vegna ákvæðana um framkvæmdir í flokki B, hvort Skipulagsstofnun geti í einstökum tilvikum tekið ákvörðun án þess að leita umsagna áður
- Endurskoða þá nálgun sem innleidd var með lagabreytingu árið 2014, þegar flokkur C var innleiddur
- Yfirfara og endurskoða skilgreiningar framkvæmdaflokka og þröskuldsgildi í 1. viðauka í ljósi reynslu og með það að markmiði að hafa sem skýrast hvaða framkvæmdir falla undir lögin og að þröskuldsgildi grípi eingöngu þær framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg umhverfisáhrif

Kynning og samráð

- Yfirfara leiðir til að tryggja gott aðgengi að upplýsingum og aðkomu að matsferlinu, svo sem með vefgátt þar sem öll gögn eru aðgengileg – skýrslur framkvæmdaraðila, umsagnir stofnana, athugasemdir almennings, viðbótarupplýsingar framkvæmdaraðila, ákvarðanir/álit Skipulagsstofnunar – á meðan á ferlinu stendur og eftir að því er lokið
- Yfirfara hvernig er hægt að færa samráð framár í ferlið

Framsetning gagna

- Skoða leiðir til að öll gögn í matsferlinu séu aðgengileg yfirlestrar (á einföldu, aðgengilegu máli)

Valkostir

- Skýra nánar kröfur um umfjöllun um raunhæfa valkosti, m.a. með hliðsjón af leiðbeiningum ESB við tilskipun um MÁU

Kröfur um hæfni/gæði

- Þarf að krefjast ákveðinnar hæfni til að vinna umhverfismat?

Tímafrestir

- Yfirfara þarf að alla tímafresta út frá reynslu - hvað er raunhæft að miða við varðandi tímafresti á matsskylduákvörðun, ákvörðun um matsáætlun, umsögnum stofnana, viðbrögðum framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar?

Álit Skipulagsstofnunar

- Vert að athuga hvort álit eigi að vera kæranleg niðurstaða matsferlisins, þannig að þar megi útkljá álitamál sem varða umhverfismatið, fremur en við leyfisveitingar. Eftir sem áður ætti sú niðurstaða að mati Skipulagsstofnunar ekki að vera bindandi fyrir leyfisveitendur, heldur eins og er í gildandi lögum, þannig að leyfisveitendur þurfi að færa sérstaklega rök fyrir því ef þeir víkja frá þeirri niðurstöðu.
- Vert er að yfirfara umfjöllun um efni álits og skýra betur hlutverk álits og hvað á að koma fram í því.

Leyfisveitingar

- Tilefni er til að skýra betur samband leyfisveitinga við matsferlið og álit Skipulagsstofnunar
- Sem og að bæta við ákvæðum um samtímis/samhliða/tengdar leyfisveitingar

Vöktun og eftirlit með framkvæmdum

- Yfirfara hvort þörf er á að endurskoða og skerpa ákvæði um vöktun umhverfisáhrifa
- Yfirfara ákvæði um eftirlit sveitarfélaga og hvata/möguleika til að fá utanaðkomandi eftirlitsaðila, þegar hæfni/geta er ekki til staðar